

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Einhellu 9.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 20. maí 2020 var samþykkt óveruleg breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna svala og uppsetningar kolsýrutanks sem fara út fyrir byggingarreit við Einhellu 9. Í breytingunni var byggingarreiturinn stækkaður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. maí 2020.

Berglind Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2020